


ÍSLANDBANKI HF.

UFS EINKUNN **89 / A3** GAGNAGÆÐI: **1**


UFS NIÐURSTÖÐUR

NIÐURSTÖÐUR	Vægi	Stig	Einkunn
Heildareinkunn	100%	89	A3
Umhverfisþættir	10.5%	94	A2
E.1 Umhverfisstjórnun og visthagkvæmni	7.5%	94	A2
E.2 Yfirsýn yfir umhverfisstjórnun	3%	95	A2
Félagsþættir	25.5%	92	A2
S.1 Mannauður	20.5%	96	A2
S.2 Orðspor, viðskiptaánægja og tengsl við samfélagið	5%	75	B2
Stjórnarþættir	64%	87	A3
G.1 Almennir stjórnarþættir	10%	96	A2
G.2 Starfshættir og virðisæðjan	22.5%	86	A3
G.3 Vörur og þjónusta	31.5%	84	B1

UFS EINKUNN



UFS EINKUNNADREIFING



STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Íslandsbanki fær framúrskarandi einkunn í UFS mati Reitunar og endar með 89 stig af 100, flokki A3. Íslandsbanki hefur til lengri tíma sinnt sjálfbærnimálum vel og vinnur eftir viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (UN PRB) og styður skipurit bankans vel við málaflökinn. Fjármálafyrirtæki á Íslandi starfa undir umfangsmiklu regluverki og eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME). Bankinn hefur lokið tveimur málum með sátt við FME og greitt í báðum tilvikum sekt. Í kjölfarið fór bankinn í mikla úrbótavinnu með þriðja aðila til að mæta kröfum FME, en málin hafa þó enn einhver áhrif á UFS einkunn bankans.

Íslandsbanki hefur sterka umhverfisstjórnun og hefur nú þegar náð góðum árangri í að draga úr umhverfisáhrifum frá eigin rekstri en mikil tækifæri banka liggja í því að draga úr losun frá lána- og eignasafni. Bankinn hefur sett sér markmið um kolefnishlutleysi frá heildarrekstri (að meðtöldum fjármögnum útblæstri frá lánasafni) fyrir árið 2040 og birt skýrslu um hvernig hann stefnir að því markmiði. Þá hefur bankinn einnig skuldbundið sig til að setja markmið í loftslagsmálum byggð á vísindalegum grunni (e. Science based target, SBTi). Íslandsbanki vinnur markvisst að því að draga úr losun frá eigna- og lánasafni og hefur meðal annars birt útreikninga á fjármögnum útblæstri samkvæmt aðferðafræði PCAF. Þá hefur bankinn náð árangri í að draga saman losun frá lána- og eignasafni, samanborið við 2023. Sjálfbærniáhætta er formlega hluti af áhættuvilja bankans sem stjórn ber ábyrgð á og er aðkoma stjórnar og æðstu stjórnenda að umhverfismálum og loftslagstengdri áhættu virk. Íslandsbanki býður upp á vörur og þjónustu sem styður við sjálfbærni og tekur tillit til UFS þátta í vörubrúun hjá sér. Þá fylgir bankinn stefnu um ábyrgar lánveitingar, vinnur eftir sjálfbærri fjármálaumgjörð og er hlutfall sjálfbærra lána af heildarlánabók bankans 15%. Bankinn gerir sjálfbærniáhættumöt á fyrirtækjum í lánaviðskiptum og hefur mótað góða ferla til að framkvæma og nýta mötin en bankinn hefur samþætt UFS-þætti í áhættumat fyrir lánaviðskipti og verðlagningu og hefur einkunn félaga úr UFS áhættumati því áhrif á kjör viðskiptavina. Þá er bankinn með ferla fyrir þá lántaka sem fá óásættanlega einkunn. Þjálfun og fræðsla til viðskipta- og lánastjóra er virk og leggur bankinn áherslu á að viðhalda henni. Íslandsbanki hefur til lengri tíma verið með framúrskarandi umgjörð til að hlúa að mannaúdi, sem há starfsánægja og stöðug starfsmannavelta styður. Eignastýring bankans fer fram hjá Íslandssjóðum, dótturfélagi Íslandsbanka, sem hefur skuldbundið sig til ábyrgar fjárfestingar með aðild að UN PRI. Þá stendur bankinn einnig vel að upplýsingaöryggi og starfrækir upplýsingaöryggiskerfi sem er vottað samkvæmt ISO 27001 staðlinum. Bankinn starfar eftir starfs- og siðareglum og í kjölfar niðurstaðna FME lagði bankinn upp með að styrkja áhættumeningu innan bankans og hefur lokið ýmsum verkefnum því tengdu. Íslandsbanki hefur mótað góða umgjörð um aðfangakeðjuna sína, m.a. með uppfærðum siðareglum, sjálfbærnimati á lykilmögnum og markvissum samskiptum til birgja til að stuðla að ábyrgari starfsemi. Íslandsbanki er í virkum tengslum við samfélagið og veitir ýmsa styrki og fræðslu. Orðsporsáhætta jókst í kjölfar fyrrgreindra mála og gæti enn haft áhrif um tíma, en bankinn hefur nú lokið viðeigandi úrbótum og gripið til viðbótaraðgerða til að lágmarka frekari áhættu. Jákvæðar horfur eru á UFS einkunn bankans.

SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

Íslandsbanki er fyrir ofan meðaltal í öllum flokkum í samanburði við aðra innlenda útgefendur sem hafa farið í gegnum UFS mat hjá Reitun, en þau eru um 45 talsins. Meðaltal markaðarins sýnir heildareinkunn sem er nú 73 stig af 100 möguleikum, flokkur B2. Íslandsbanki er í flokki A3 ásamt fimm öðrum rekstraraðilum.

Fyrirvarar

UFS-mat Reitunar byggir á þeim gögnum og upplýsingum sem lágu fyrir og voru aðgengilegar við gerð matsins, þar á meðal gögnum og skýringum frá því félagi sem verið er að meta, opinberum upplýsingum og öðrum heimildum sem Reitun telur traustar. Almennt er gengið út frá því að framlagðar upplýsingar séu réttar, nema annað leiði af eðli máls eða sé sérstaklega tekið fram.

Hafi Reitun fengið afhent afrit skjala er gengið út frá því að þau séu í samræmi við frumrit og að undirritanir og skuldbindingar séu gildar. Reitun hefur þó ekki, nema þess sé sérstaklega getið, sjálfstætt sannreynt með tæmandi hætti öll undirliggjandi gögn, skjöl, undirritanir eða aðrar forsendur sem matið byggir á.

Niðurstöður, ályktanir og annað efni matsins endurspegla mat Reitunar miðað við þær upplýsingar og forsendur sem lágu fyrir á útgáfudegi. Forsendur matsins geta breyst án fyrirvara, meðal annars vegna nýrra upplýsinga, breyttra aðstæðna eða þróunar í viðmiðum, aðferðafræði eða reglumhverfi. UFS-mat Reitunar felur ekki í sér staðfestingu, vottun eða áreiðanleikakönnun á öllum þeim upplýsingum sem það byggir á. Reitun ábyrgist hvorki áreiðanleika né nákvæmni þeirra upplýsinga sem stuðst er við.

Í þeim tilvikum þegar unnið er einfaldara eða afmarkaðra UFS mat kann umfang gagnaöflunar, yfirferðar og sannprófunar að vera minna en ella, sem getur leitt til aukinnar óvissu í niðurstöðum. Reitun ber ekki ábyrgð á því að uppfæra, endurskoða eða endurútgefa matið eftir útgáfudag, komi fram nýjar upplýsingar eða breytist forsendur þess, nema sérstaklega hafi verið samið um annað. Reitun áskilur sér þó rétt til að gera breytingar eða leiðréttingar á útgefnu efni telji Reitun tilefni til.

UFS mat Reitunar er eingöngu ætlað í upplýsingaskyni. Það felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né tilboð, hvatningu eða tilmæli um viðskipti með fjármálagerninga eða aðrar ráðstafanir. Aðilar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga áður en fjárfest er í fjármálagerningum á grundvelli UFS einkunna.

Reitun ber enga ábyrgð á ákvörðunum, ráðstöfunum eða viðskiptum sem teknar eru á grundvelli efnis UFS mats Reitunar, né á tjóni, beinu eða óbeinu, sem kann að hljóta af notkun þess eða dreifingu, nema ábyrgð verði lögum samkvæmt ekki undanskilin.

Reitun, stjórnendur þess, starfsfólk, stjórnarmenn eða tengdir aðilar kunna, eftir atvikum, að hafa hagsmuna að gæta í tengslum við þau félög eða viðfangsefni sem matið tekur til, þar á meðal vegna eignatengsla, ráðgjafarstarfa, annarrar þjónustu eða viðskiptasambanda. Jafnframt kann að koma til þess að félag sem sætt hefur mati greiði Reitun fyrir matsþjónustuna. Slík atvik breyta þó ekki þeirri meginreglu að matið sé unnið á sjálfstæðum faglegum grunni.

Allur höfundarréttur og annar hugverkaréttur að UFS mati og efni þess er áskilinn Reitun, eftir því sem lög heimila. Óheimilt er að afrita, birta, dreifa eða nýta efni matsins, í heild eða að hluta, án fyrirframfengins skriflegs samþykkis Reitunar, nema lög mæli skýrt fyrir um annað. Án slíks samþykkis er jafnframt með öllu óheimilt að nota efni Reitunar, þar á meðal UFS mat, greiningar, niðurstöður, texta, gögn, framsetningu, aðferðafræði eða annað efni sem af því leiðir, í hvers kyns gervigreindartólum, mállíkönnum, vélrænum lærdómslausnum, sjálfvirkum greiningarkerfum eða öðrum sambærilegum tæknilausnum, hvort sem slík notkun fer fram í þágu þjálfunar, finstillingar, vinnslu, greiningar, samantektar, efnisgerðar, afleiðdrar vinnslu eða annarrar sjálfvirkrar eða hálf sjálfvirkrar notkunar. Brot gegn framangreindu telst óheimil nýting á efni Reitunar og áskilur Reitun sér allan rétt til að leita viðeigandi úrræða samkvæmt lögum.